

Aðalfundur fimleikafélagsins Björk

Haldinn mánudaginn 23. Maí 2011 kl. 20.00 í félagsheimili félagsins í íþróttamiðstöðinni Björk að Haukahláunum 1.

Fundurinn er haldinn í samræmi við lög félagsins og dagskrá fundarins sem hér segir:

1. **Fundarsetning og ávarp formanns**

Formaður félagsins Ingvar Kristinsson setur fundinn og biður félagamenn velkomna á fundinn.

2. **Kjör fundarstjóra og fundarritara**

Ingvar ber upp tillögu um Ólaf Sigvaldason sem fundarstjóra, tillaga samþykkt og Hannes Pétursson sem fundarritara, tillaga samþykkt.

3. **Staðfest lögmæti fundarins.**

Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins frá 5. maí og með tölvupósti til iðkenda 9. maí og með auglýsingu í Fjarðarpóstinu 12. maí

4. **Kannað kjörgengi fundarmanna.**

Skv. lögum félagsins hafa allir félagar rétt til eins atkvæðis á aðalfundi félagsins. Félagamenn yngri en 16 ára eru ekki heimilt að greiða atkvæði á aðalfundi, en foreldri eða forráðamanni er heimilt að greiða atkvæði í stað barnsins. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi félagsins.

5. **Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.**

Liggur frammí í nokkrum eintökum, eins er hún á heimasíðu félagsins www.fbjork.is undir flípanum skjöl

6. **Skýrsla aðalstjórnar.**

Ingvar gerir grein fyrir skýrslunni með samantekt á glærum.

7. **Reikningar félagsins.**

Ingvar gerir grein fyrir reikningum félagsins.

8. **Umræður um skýrslu og reikninga**

Nokkrar athugasemdir komu fram:

Hlín Árnadóttir:

Spurði um húsaleigu sem við erum að fara að borga til bæjarinnar, (um 45 þús. mánuði).

Svar frá Ingvari: Gerður var samningur við Hafnarfjarðarbæ að borga niður lífeyrissjóðsskuld Bjarkanna gegn því að Bjarkinnar myndi fella gefa eftir samning um fyrirframgreidda húsaleigu sem var gerður þegar bærin tók yfir rekstur á húsinu. Þessi leiga er bundin við neyslúvísitölu. Fengum vil yrði að rekstrarstyrkur bæjarinnar myndi hækka á móti.

Hlín:

Hvers vegna getur Björk ekki fengið að sjá um rekstur hússins eins og önnur félög í bænum eru að gera ?

Svar frá Ingvari: Hefur ekki fengið nein skýr svör frá bænum hvers vegna við fáum ekki að gera þetta en þetta hefur verið rætt margoft.

9. **Reikningar bornir undir atkvæði.**

Reikningar samþykktir samhljóða.

10. **Lagabreytingar**

Engar tillögur um lagabreytingar bárust og því ekki á dagskrá

11. Kosning formanns

Ingvar Kristinsson býður sig fram til formanns. Samþykkt samhljóða.

12. Kosning 2 stjórnarmanna og 3 varamanna

Tillögur um stjórnarmenn til 2ja ára:

Hannes Pétursson og Andrés Andrésson gefa kost á sér.

Samþykkt með lófaklappi.

Tillögur um stjórnarmenn til eins árs:

Sigríður hefur tekið við sem formaður Klifurdeildar og Dagrún gat ekki tekið sæti í stjórninni þegar til kom.

Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir gefur kost á sér.

Samþykkt, hlutverk stjórnar að finna einn stjórnemann í viðbót.

Varastjórn: Ekki liggja fyrir tillögur fyrir 3 í varastjórn.

Hlutverk stjórnar að manna varastjórn.

13. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár

Óbreytt, Ómar Einarsson og Jón Trausti Harðarson

14. Ávarp formanns

Ingvar Kristinsson endurkjörinn formaður Bjarkanna ávarpaði fundinn.

- Þakkar traustið.

- Vill klára verkefnið að endurskoða fjárhaginn.

- Vill líka sjá betri umgjörð um afreksfólk. Við eigum að geta veitt þeim betri fjárhagslegan stuðning.

15. Önnur mál

Þorgerður Halldórsdóttir (úr fimleikastjórn) bar upp tvær tillögur:

1. "Stjórn fimleikadeildar leggur til að Fullorðinsfimleikar heyri með öllu undir fimleikadeild, enda sjái fimleikabjálfarar um þjálfun hópsins sem notið hafi menntunnar á vegum Fimleikasambands Íslands. Fullorðinsfimleikar fara fram á áhöldum fimleikadeildar, og því er nauðsynlegt að slit sem verður þar af lútandi á áhöldum sé einnig boið af æfingagjöldum fullorðinsfimleika. Jafnframt geta þá iðkendur í fullorðinsfimleikum keppt á mótum, standi vilji þeirra til þess, en slíkt fer ekki saman við reglur Íþróttasambands Íslands um almenningsíþróttir."

2. "Stjórn fimleikadeildar leggur til að málefni leikskólahópa og Parkour séu undir fimleikadeild þar sem þjálfarar hafa hlotið menntun sína á vegum Fimleikasambands Íslands. Parkour og leikskólahópar notast jafnframt við áhöld fimleikadeildar, og nauðsynlegt er að slit sem verður þar af lútandi á áhöldum við notkun þessara hópa greiðist einnig af þeim."

Umræða um tillögur

Þór

Líst vel á tillögu 1, sér sérstakleg hag í því að fá þá undir fimleikadeild, með því fæst betri stuðningur við yngri flokka, hjálp á mótum og fleira.

Ingvar:

Með því að samþykka báðar tillögur eru við í raun að leggja niður almenningsdeild. Hugmyndin er komin frá Íþóttu og Ólympíusambandi Íslands þar sem það er lagt til að íþróttafélög bjóði upp á íþóttir sem ekki eru keppnishópar.

Snorri:

Er núverandi skipting að skila okkur auknum tekjum eða styrkjum ?

Breytir þetta einhverju fyrir hópa sem vilja ekki vera keppnishópar ?

Svar Þór: Bætist við kostnaður til sérsambanda í þessu tilfalli FSÍ.

Svar Ingvar: Ekki greitt fyrir 6 ára og yngri til sérsambanda

Gauti

Ættum að geta verið almenningsdeild til að sinna grasrótinni. Almenningsdeild hefur verið vettvangur fyrir nýjar greinar eins og t.d. Parkour.

Guðjón

Vill meina að það sé ósamræmi í markmiðum ÍSÍ

Hvernig eigum við að efla deildirnar? Ættum að flokka eftir aðstöðu og svo eftir þjálfurum.

Ættum að efla sérsambandið. Erum að sækja námskeið hjá þeim.

Sér kosti að færa þetta undir fimleikastjórn sem framkvæmdarstjóri félagsins, það er ekki virk stjórn undir almenningsdeild. Þá væri þessi hluti starfseminar undir virkri stjórn.

Hlín

Er rökrétt að færa þonsu og gutta hópa (yngstu iðkendurnir) undir almenningsdeildina?

Svar Ingvar: Nei, það tíðkast ekki að gera það.

Gauti

Hvernig væri að fá þjáfara úr öðrum deildum inn í leikskólahópana?

Snorri

Er almenningsdeildin vettvangur fyrir nýjar íþróttagreinar?

Svar Ingvar: Ekki endilega fer eftir eðli íþróttarinnar. T.d. myndu nútímafimleikar fara beint undir fimleikadeild ef við myndum bjóða upp á það.

Hlín:

Upphaflega var almenningsdeildin stofnuð undir "Fjör og fimi" sem var sett upp fyrir þá sem vildu ekki æfa markvist, svo kom TKD fyrst inn almenningsdeild.

Guðrún Bjarnadótti:

Ef fullorðinsfimleikarnir fara undir fimleikadeildina, heyrum við þá undir fimleikastjórn?

Svar Ingvar: Ekki til stjórn fyrir almenningsdeild. Hún hefur tilheyrt aðalstjórn.

Guðrún: Vantar talsmann þessa hópas hefur verið óljóst við hvern á að tala.

Þór:

Umræðan um fullorðinsfimleikar er lengri. Stjórn sér kosti þess og þá sérstaklega til að stækka þann hópa sem kemur að utanumhaldi í kringum fimleikadeild. Sér engar mótbáru, þetta eru fimleikar. Er ekki eins viss með Parkour.

Guðrún

Hverni er þetta hjá öðrum félögum. eru þá sambærilegir hópar undir almenningsdeild, t.d. hjá Gerplu?

Svar Ingvar: Gepla er ekki fjölgreinafélag og því er bara eins stjórn.

Snorri

Vantar festu í almenningsdeild fyrir þá sem vilja stunda fimleika sem áhugamál en ekki keppni.

Svar Þór: Sammála og hefur verið rætt hjá fimleikastjórn, þarf ekki að vera undir almenningsdeild, viljum geta boðið upp á þessa hópa en höfum ekki verið að standa okkur nægilega vel í þessu.

Hlín

Við erum að bjóða upp á fimleika fyrir alla

Guðjón

Hissa á athugasemd fomanns fímleikastjórnar (Þór). A hópar er almenningshópar.

Þór: Erum einhverjir eldri A hópar ?

Ingvar

Leggur fram breytingartillögu að tillaga 1 verði borin undir atkvæði en tillaga 2 fara í frekari umræðu hjá stjórn félagsins.

Laggt undir atkvæði

Tillaga 1 samþykkt samhljóða.

Tillaga Ingvars að tillaga 2 fái frekari umræðu hjá stjórn, samþykkt samhljóða.

Guðjón

2 atriði sem framkvæmdartjóri hefur áhyggur af.

1. Stórar tölur sem þarf að leggja í viðhald á áhöldum.

2. Engin hvati fyrir Hafnarfjarðarbæ að auka notkun á svæðinu með vísun í væntanlega skertan opnunartíma.

Þór

Stingur upp á að aðalfundur samþykki ályktun þar sem lagt er til að Bjarkinnar fái full afnot af húsinu.

Svar Ingvar: Það er samþykkt tillaga á ársþingi ÍBH. Að Bjarkinnar fái full afnot af húsinu. Og svo tillaga að við tökum yfir rekstur hússins. Hann telur því að það hafi ekki áhrif.

Bæjarfélaginu bera að sjá til þess að aðstaða hér sé viðunandi en þeir eru ekki að framfylgja því.

Hlín

En hvað með undirskriftun foreldra.

Svar Ingvar: Telur það ekki réttan vettvang.

Snorri

Félagsmenn ættu að láta heyra meiri í sér t.d. með blaðaskrifum og vekja þannig athygli. T.d. ef það stendur til að stytta opnunartíma.

Gunnhildur

Sæu Bjarkinnar um viðhald á húsi og tækjum ef við tækjum við rekstri hússins.

Svar Ingvar: Nei það væri í höndum bæjarinns.

Guðjón

Gæti verið að bærin sé ekki tilbúin í þetta vegna þess að hann er að meta reksturinn hátt smb. rekstrarstyrk í bókhaldi.

Svar Ingvar: Rekstrarstyrkur myndi áfram færast í bókhaldi (inn og út) eins og hjá öðrum félögum.

16. Fundarslit

Fundi slitið kl: 21:40